

9. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn á bæjarskrifstofunni í Hveragerði þriðjudaginn 17. mars 2015 kl 16.00. Mættir voru: Bryndís Böðvarsdóttir, Ásmundur Lárusson, Eyrún Hafþórsdóttir, Hörður Óli Guðmundsson, Sigurbára Rúnarsdóttir, og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Bjarney Vignisdóttir boðaði forföll og varamaður hennar boðaði forföll samdægurs. Þórhallur Einisson mætti ekki á fundinn.


Gestur fundarins: Hrafnhildur Karlsdóttir

1. **Skólaþjónusta - staða mála og starfið framundan.** Hrafnhildur Karlsdóttir, kennsluráðgjafi og teymisstjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir stöðu mála. Kennsluráðgjöf hefur aukist í skólunum jafnt og þétt og er veitt heildræn kennsluráðgjöf, þannig að athugun er gerð á nemenda í öllum aðstæðum innan skólans og einnig fengin sýn foreldra. Hefur þessi vinna gefist vel og hefur þó nokkuð forvarnargildi. Biðlisti vegna tilvísana til skólasálfræðings er alltaf að lengjast. Auglýst var eftir hálfu stöðugildi sálfræðings í janúar s.l. og var enginn sem sótti um. Sálfræðingur hefur verið ráðinn sem verktaki einn dag í viku sem léttir undir en það dugir ekki til. Staðan er alvarleg og þarf að bregðast við sem fyrst.
Bókun: Nefndin leggur til að auglýst verði eftir skólasálfræðingi í 80% stöðugildi sem fyrst.

Hrafnhildur Karlsdóttir yfirgaf fundinn.

2. **Framkvæmdaáætlun barnaverndar.** Nefndin leggur til að skipaður verður starfshópur til að vinna að framkvæmdaáætlun barnaverndar. Æskilegt að í vinnuhópnum sitji, leikskólakennari, kennari, félagsráðgjafi, fulltrúi frá skólaþjónustu og fulltrúa frá félagsmiðstöð. Nefndin felur forstöðumanni að skipa í starfshópinn og stýra þeirri vinnu.
3. **Trúnaðarmál.** 3 mál skráð í trúnaðarmálabók

Fundi slitið kl 18.00


Bryndís Böðvarsdóttir, formaður (sign)


Ásmundur Lárusson (sign)


Eyrún Hafþórsdóttir (sign)

Hörður Óli Guðmundsson (sign)


Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)


María Kristjánsdóttir (sign)